

þekk-ja *so vb-i – heyra*
[-ti]

– þekkirðu konuna þarna?

‡ • þekking, þekktur, óþekktur

leið *kv – mynd*
[-ar, -ir]

– þetta er stysta leiðin

‡ • leiða, afleiðing, hugleiða

hinn *fn*
[hin, hitt/hið]

– þetta er hinn bróðirinn

‡ « þessi

fá *so sb-7 – falla*
[fékk, fengum, fengið]

– hann fékk góða einkunn

‡ » gefa, rétta; þiggja

burtu *ao*

– verður þú lengi í burtu?

‡

félag-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– þeir eru góðir félagar

‡ • félag

lág-ur *lo – gulur*
[-, -t (ao); lægri, lægstur]

– hér er lágt til lofts

‡ lágr • liggja « hár

annars *ao*

– ég þarf að fara annars kem ég of seint

‡ • annar, annaðhvort

spor *hk – hús*
[-s, -]

– það voru spor í snjónum

‡ » slóð

sjúkdóm-ur *kk – hestur*
[-s, -ar]

– er sjúkdómurinn hættulegur?

‡ sjúkdómr • sjúklingur, sjúkrahús; dómur

mein-a *so vb-i – heyra*
[-ti]

– hún meinar það sem hún segir

‡

þol-a *so vb-i – heyra*
[-di]

– ég þoli ekki leti

‡ • þolinmæði

ódýr *lo – gulur R*
[-, -t; -ari, -astur]

– nú eru kartöflurnar ódýrar

‡ ódýrr/údýrr « dýr

tákn-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hvað eiga merkin að tákna?

‡

brot *hk – hús*
[-s, -]

– þetta er bara brot af námsefninu

‡ • brjóta, brotna

skap-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– "Í upphafi skapaði Guð himin og jörð"

‡ • afskaplega, ósköp